

Sjötti fundur haldinn að Breiðabliki 6. júní 2019 kl. 21:00

Mættir: Eggert Kjartansson, Atli Sveinn Svansson, Gísli Guðmundsson, Halldór Jónsson og Katrín Gísladóttir sem ritar fundargerð.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Aðalskipulag Eyja og Miklaholtshrepps.

Tillaga að endurskoðuðu aðalskipulagi Eyja- og Miklaholtshrepps ásamt umhverfisskýrslu var auglýst 13. - 30. apríl sl. sbr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Umsagnir bárust innan tilskilins frests frá Veðurstofunni, Minjastofnun og Náttúrufræðistofnun en frá Umhverfisstofnun eftir að frestur var runninn út.

Veðurstofan tilkynnti að hún gerði ekki athugasemdir við tillöguna.

Minjastofnun gerði athugasemdir sem eru efnislega þær sömu og stofnunin gerði þegar lýsing vegna endurskoðunar aðalskipulagsins var kynnt. Þar er farið yfir ákvæði minjalaga um skráningu í tengslum við skipulagsgerð. Við mótun tillögunnar var brugðist við athugasemdinni í kafla 3.3. í greinargerð þar sem minjaskráningu er vísað til deiliskipulags og útgáfu framkvæmdaleyfa.

Náttúrufræðistofnun gaf allítarlega umsögn þar sem farið er yfir skörun skipulagsreita við náttúruverndarákvæði, einkum svæði sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. grein laga um náttúruvernd, vistgerðir með hátt verndargildi og búsvæði, s.s. selalátur. Umsögnin er á svipuðum nótum og stofnunin sendi þegar tillaga var kynnt á vinnslustigi. Hreppsnefnd þakkar fyrir gagnlega og ítarlega umsögn og tekur undir nauðsyn þess að vernda náttúru í samræmi við lagaákvæði. Þegar hefur verið brugðist við ýmsum atriðum sem fram komu í fyrri umsögn, t.d. með sérstökum skilmálum sem vísa í 61. grein eða tilgreina að hlífa skuli sérstæðum vistgerðum, fyrir þá reiti þar sem hættan virðist vera mest. Að mati hreppsnefndar er víða hætt á að vernduð náttúra raskist, eins og stofnunin bendir á. Á hinn bóginn er illmögulegt á aðalskipulagsstigi að sýna fram á að slíkt rask sé óhjákvæmilegt eða umfram það sem lög leyfa, enda hafa mannvirki í flestum tilfellum ekki verið útfærð eða staðsett nákvæmlega. Hreppsnefnd telur að á aðalskipulagsstigi sé því rétt að leyfa þeim hugmyndum sem landeigendur hafa um hagnýtingu eignarréttar síns að njóta vafa og að þeim vafa sé síðan eytt við gerð deiliskipulags. Gera verður ráð fyrir því að landeigendur, með þeim hönnuðum og ráðgjöfum sem þeir hafa sér til fulltingis, séu meðvitaðir um skorður sem lög setja, t.d. um náttúru- og minjavernd, auk þess sem þær skorður eru tilgreindar í aðalskipulaginu. Hins vegar er gagnlegt að meginhugmyndir um áform landeigenda komi fram í aðalskipulagi og þannig mátist hugmyndirnar við aðra þætti skipulags í sveitarfélaginu, t.d. um atvinnulíf, innviði og samfélagsþjónustu. Sá möguleiki er fyrir hendi að við nánari útfærslu á deiliskipulags- og hönnunarstigi komi í ljós að stefna um landnotkun skv. aðalskipulaginu sé ekki raunhæf, t.d. vegna náttúru- eða minjaverndar og mun það þá hugsanlega kalla á breytingu á aðalskipulagi. Hreppsnefnd hefur sömu afstöðu gagnvart spurningunni um það hvort skógrækt samræmist lagaákvæðum um náttúruvernd. Hins vegar gagnast umsögn stofnunarinnar við umfjöllun um deiliskipulag og við útgáfu framkvæmda- og byggingarleyfa á öllum þeim svæðum sem hér um ræðir. Þegar þessi ítarlegri skipulagsgögn og gögn með

leyfisumsókn liggja fyrir er hægt að kanna hvort og þá í hvaða mæli vernduð náttúra skerðist og rétt að hafa í huga að verndin er skilgreind með hlutlægum mælikvörðum og ætti því enginn vafi að leika á um hvort tekist hefur að samræma mannvirkin gildandi lagaákvæðum um náttúru- og minjavernd.

Náttúrufræðistofnun vísar í tillögur stofnunarinnar um B-hluta náttúruminjaskrár en hreppsnefnd ítrekar af því tilefni það sem fram kemur á bls. 31 í greinargerð aðalskipulagsins að sú tillaga er ekki meðal forsendna í þessu aðalskipulagi enda hefur ekki verið haft samráð við sveitarstjórnir og landeigendur um áhrif hennar.

Vegna ábendinga stofnunarinnar um selalátur á óbyggðum skerjum (ÓB-2) undan ströndum sveitarfélagsins er rétt að taka fram að þar er engin mannvirkjagerð fyrirhuguð.

Hreppsnefnd telur rétt að leiðrétta kafla um svæði fyrir ferðapjónustu í umhverfisskýrslu á bls. 40 og taka þar fram að fugla á válista geti verið þar að finna.

Umsögn Umhverfisstofnunar fjallar að verulegu leyti um sömu atriði og umsögn Náttúrufræðistofnunar og gilda því sömu svör.

Hreppsnefnd telur því að ekki sé tilefni til breytinga á auglýstri tillögu vegna athugasemda að undanskyldri leiðréttingu á bls. 40 og samþykkir aðalskipulagstillögunu og felur sveitarstjóra að senda Skipulagsstofnun hana til staðfestingar í samræmi við 32. gr. skipulagslaga.

2. Umsögn um breytingu á rekstrarleyfi Félagsbúsins Miðhrauni II vegna reksturs gististaðar í flokki II. Ekki athugasemdir af hálfu hreppsnefndar við að leyfið verði veitt.
3. Fundargerð fræðslu og skólanefndar frá 22. maí 2019.
4. Bréf frá Þórði Runólfssyni, f.h. Ferðamálasamtaka Snæfellsness dagsett 3. Júní 2019, varðandi Gestastofu Snæfellsness að Breiðabliki. Hreppsnefnd lýsir yfir ánægju sinni með að breytingum á Breiðabliki er að verða lokið og Svæðisgarðurinn þar með að taka við hluta af Breiðabliki undir sína starfsemi samkvæmt samkomulagi sem gert var. Með því að fara þessa leið sem farin er á Snæfellsnesi með upplýsingargjöf til ferðamanna, stýringar á þá staði sem tilbúnir eru að taka við ferðamönnum og einnig sú hugsun að reyna eftir fremsta megni að stuðla að öryggi ferðamanna telur hreppsnefnd að sveitarfélögin á Snæfellsnesi séu að leggja sitt af mörkum til að efla ferðapjónustu á Snæfellsnesi. Hreppsnefnd er sannfærð um að með þessu verkefni mun ferðapjónustan á öllu Snæfellsnesi eflast og tækifærin aukast fyrir ferðapjónustuna. Varðandi hvernig einstaka svæði í húsinu verða nýtt sem Svæðisgarðurinn hefur umsjón með í Breiðabliki samkvæmt samkomulagi við hreppinn vísar hreppsnefnd til stjórnar Svæðisgarðsins að svara til um.
5. Breiðablik framkvæmdir. Farið yfir stöðuna, verkinu miðar vel.
6. Laugargerðisskóli - fyrirbyggjandi verkefni við viðhald skólans. Oddvita falið að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundinum og leggja fyrir næsta fund.
7. 144 fundur stjórnar SSV – fundargerð
8. Fundargerð Sorpurðunar Vesturlands frá 1. mars
9. Opinber útgáfa fundargerðar 183. fundar félagsmálanefndar Snæfellinga

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Katrín Gísladóttir (sign)

Halldór Jónsson (sign)

Gísli Guðmundsson (sign)

Atli Sveinn Svansson (sign)

Eggert Kjartansson (sign)